

stjórnarráðið eigi fundið ástæðu til að halda lengra út í þetta mál”.

1872.
17. desbr.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar.

118. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um sending tíðinda frá ríkisþingi Dana. 17. desbr.

Eftir að vèr samkvæmt beiðni yðar, herra stiptamtmaður, með bréfi 24. septbr. höfðum hlutast til um, að send voru með síðustu póstskeipsferð á þessu ári til bókasafns alþingis þau þrjú ár af tíðindum frá ríkisþingi Dana, sem vantaði, og stungið uppá, að veitt yrði landshöfðingja-embættinu ókeypis exemplar af tæðum tíðindum, hefir skrifstofa ríkisþingsins skýrt stjórnarráðinu frá, að forsetar þingdeildanna hafi samþykkt uppástungu þessa, þannig að skjalasafn tæðs embættis fær ókeypis exemplar af tíðindunum frá ríkisþingi þessa árs og eptirleidis.

Þetta leiðum vèr eigi hjá oss að tilkynna yður, yður til leiðbeiningar.

119. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmananna á Íslandi, um fiskiveiðar Englendinga við Ísland. 18. desbr.

Dómsmálastjórnin sendir yður, herra stiptamtmaður (herra amtmaður), með bréfi þessu ágríp af skýrslu frá foringjanum á herskipinu *Valorous*, sem enska stjórnin sendi í sumar til Færeyja og Íslands, til þess að hafa gætur á enskum fiskimönnum þar,